öðlast gildi, skulu ákvæði samnings þessa gilda áfram um tíu ára skeið eftir að honum er sagt upp.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa fulltrúar ríkisstjórna sinna, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Ríga 11. júní 1998 á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Íslands
Halldór Ásgrímsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
lýðveldisins Lettlands
Valdis Birkavs

provisions of this Agreement shall continue to be effective for a further period of ten years from such date of termination.

IN WITNESS WHEREOF, the duly authorized representatives of their respective Governments have signed this Agreement.

Done in duplicate at Riga on 11th of June 1998 in the English language.

For the Government of the
Republic of Iceland
Halldór Ásgrímsson

For the Government of the
Republic of Latvia
Valdis Birkavs

8. júní 1999 Nr. 10

AUGLÝSING

um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 147 um lágmarkskröfur á kaupskipum.

Hinn 11. maí 1999 var framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 147 um lágmarkskröfur á kaupskipum sem gerð var í Genf 29. október 1976. Samþykktin öðlast gildi að því er Ísland varðar 11. maí 2000.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 8. júní 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT nr. 147 um lágmarkskröfur á kaupskipum.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

kom saman til 62. þingsetu sinnar í Genf hinn 13. október 1976 eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

minnist ákvæða í tilmælum um ráðningu farmanna á skip sem skráð eru erlendis frá 1958 og tilmælum um félagslegar aðstæður og öryggi farmanna frá 1958,

hefur samþykkt tilteknar tillögur um skip sem

CONVENTION (No. 147) concerning Minimum Standards in Merchant Ships

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office and having met in its Sixty-second Session on 13 October 1976, and

Recalling the provisions of the Seafarers' Engagement (Foreign Vessels) Recommendation, 1958, and of the Social Conditions and Safety (Seafarers) Recommendation, 1958, and

Having decided upon the adoption of certain

ekki uppfylla gerðar kröfur, einkum þau skip sem skráð eru undir hentifána, sem er fimmta mál á dagskrá þingsins,

hefur einsett sér að þessar tillögur verði settar fram í formi alþjóðasamþykktar,

og gerir í dag hinn 29. október 1976 eftirfarandi samþykkt sem nefna má samþykkt um lágmarkskröfur á kaupskipum, 1976:

1. gr.

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein tekur þessi samþykkt til allra hafskipa, bæði í eigu hins opinbera og einkaeign, sem annast flutninga á farmi eða farþegum í verslunarskyni eða er notað í einhverjum öðrum viðskiptalegum tilgangi.
2. Innlend lög eða reglugerðir skulu kveða á um það hvenær skip skuli talin hafskip í merkingu þessarar samþykktar.
3. Þessi samþykkt tekur til úthafsdráttarbáta.
4. Þessi samþykkt tekur ekki til:
   a. skipa sem aðallega eru knúin seglum, hvort sem þau hafa hjálparvél eða ekki;
   b. skipa sem stunda fiskveiðar, hvalveiðar eða hliðstæða starfsemi;
   c. smáskipa og fljótandi fara svo sem olíuborpalla og tækjabúnaðar þegar þau eru ekki á ferð; ákvörðun um það hvaða skip falli undir þennan lið tekur lögbært yfirvald í hverju landi í samráði við helstu samtök útgerðarmanna og farmanna.
5. Ekkert í þessari samþykkt skal talið auka gildissvið samþykktanna sem taldar eru í viðbætinum við þessa samþykkt eða ákvæða sem í þeim felast.

2. gr.

Sérhvert aðildarríki sem fullgildir þessa samþykkt skuldbindur sig til þess:

a. að hafa lög eða reglugerðir sem hafi að geyma, að því er varðar skip skráð á yfirráðasvæði þess:
   (i) öryggisreglur, þar á meðal reglur um hæfniskröfur, vinnutíma og mönnun, til þess að tryggja öryggi mannslífa um borð í skipum;
   (ii) ákvæði um viðeigandi félagslegar öryggisráðstafanir; og
   (iii) ákvæði um ráðningarkjör og að-

proposals with regard to substandard vessels, particularly those registered under flags of convenience, which is the fifth item on the agenda of the session, and

Having determined that these proposals shall take the form of an international Convention,

Adopts the twenty-ninth day of October of the year one thousand nine hundred and seventy-six, the following Convention, which may be cited as the Merchant Shipping (Minimum Standards) Convention, 1976:

Article 1

1. Except as otherwise provided in this Article, this Convention applies to every sea-going ship, whether publicly or privately owned, which is engaged in the transport of cargo or passengers for the purpose of trade or is employed for any other commercial purpose.
2. National laws or regulations shall determine when ships are to be regarded as sea-going ships for the purpose of this Convention.
3. This Convention applies to sea-going tugs.
4. This Convention does not apply to
   (a) ships primarily propelled by sail, whether or not they are fitted with auxiliary engines;
   (b) ships engaged in fishing or in whaling or in similar pursuits;
   (c) small vessels and vessels such as oil rigs and drilling platforms when not engaged in navigation, the decision as to which vessels are covered by this subparagraph to be taken by the competent authority in each country in consultation with the most representative organisations of shipowners and seafarers.
5. Nothing in this Convention shall be deemed to extend the scope of the Conventions referred to in the Appendix to this Convention or of the provisions contained therein.

Article 2

Each Member which ratifies this Convention undertakes

(a) to have laws or regulations laying down, for ships registered in its territory
   (i) safety standards, including standards of competency, hours of work and manning, so as to ensure the safety of life on board ship;
   (ii) appropriate social security measures; and
   (iii) shipboard conditions of employ-

búnað um borð, að svo miklu leyti sem þessir þættir eru ekki, að mati aðildarríkisins, tryggðir með heildarsamningum eða ákveðnir af lögbærum dómstólum á þann hátt að jafnbindandi sé fyrir hlutaðeigandi útgerðarmenn og farmenn;
og að fullvissa sig um að ákvæði slíkra laga og reglugerða samsvari í meginatriðum þeim samþykktum eða greinum samþykkta sem taldar eru í viðbætinum við samþykkt þessa, að svo miklu leyti sem aðildarríkið er ekki með öðrum hætti skuldbundið til þess að framfylgja viðeigandi samþykktum;

b. að halda uppi með virkum hætti lögsögu eða stjórn yfir skipum sem skráð eru á yfirráðasvæði þess, að því er varðar:
(i) öryggisreglur, þar á meðal reglur um hæfniskröfur, vinnutíma og mönnun, sem kveðið er á um í lögum eða reglugerðum;
(ii) félagslegar öryggisráðstafanir samkvæmt lögum eða reglugerðum;
(iii) ráðningarkjör og aðbúnað um borð samkvæmt lögum eða reglugerðum, eða úrskurðum hlutaðeigandi dómstóla sem séu jafnbindandi fyrir hlutaðeigandi útgerðarmenn og farmenn;

c. að fullvissa sig um að ráðstafanir til virks eftirlits með öðrum ráðningarkjörum og aðbúnaði um borð, þar sem það hefur ekki virka lögsögu, séu gerðar með samkomulagi útgerðarmanna eða samtaka þeirra og samtaka farmanna sem stofnuð eru í samræmi við efnisákvæði samþykktar um félagafrelsi og verndun þess, 1948, og samþykktar um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949;

d. að tryggja:
(i) viðeigandi skipan ráðningar farmanna á skip sem skráð eru á yfirráðasvæði þess og rannsókna á kærum í því sambandi, og séu þessi mál háð almennu eftirliti lögbærs yfirvalds, að höfðu þríhliða samráði milli þess yfirvalds og helstu samtaka útgerðarmanna og farmanna þar sem við á;

(ii) viðeigandi skipan rannsókna á kærum í sambandi við ráðningu, á yfirráðasvæði þess, á farmönnum sem eru

ment and shipboard living arrangements, in so far as these, in the opinion of the Member, are not covered by collective agreements or laid down by competent courts in a manner equally binding on the shipowners and seafarers concerned;
and to satisfy itself that the provisions of such laws and regulations are substantially equivalent to the Conventions or Articles of Conventions referred to in the Appendix to this Convention, in so far as the Member is not otherwise bound to give effect to the Conventions in question;

(b) to exercise effective jurisdiction or control over ships which are registered in its territory in respect of
(i) safety standards, including standards of competency, hours of work and manning, prescribed by national laws or regulations;
(ii) social security measures prescribed by national laws or regulations;
(iii) shipboard conditions of employment and shipboard living arrangements prescribed by national laws or regulations, or laid down by competent courts in a manner equally binding on the shipowners and seafarers concerned;

(c) to satisfy itself that measures for the effective control of other shipboard conditions of employment and living arrangements, where it has no effective jurisdiction, are agreed between shipowners or their organisations and seafarers' organisations constituted in accordance with the substantive provisions of the Freedom of Association and Protection of the Right to Organise Convention, 1948, and the Right to Organise and Collective Bargaining Convention, 1949;

(d) to ensure that
(i) adequate procedures – subject to over-all supervision by the competent authority, after tripartite consultation amongst that authority and the representative organisations of shipowners and seafarers where appropriate – exist for the engagement of seafarers on ships registered in its territory and for the investigation of complaints arising in that connection;
(ii) adequate procedures – subject to over-all supervision by the competent authority, after tripartite consultation

ríkisborgarar þess á skip sem skráð eru í öðru landi, sem settar séu fram samtímis ráðningu ef unnt er; einnig skal tryggt að slíkar kærur og aðrar kærur, sem fram koma í sambandi við ráðningu, á yfirráðasvæði þess, á erlendum farmönnum á skip sem skráð eru í öðru landi, sem settar séu fram samtímis ráðningu ef unnt er, séu tilkynntar af lögbæru yfirvaldi þess til lögbærs yfirvalds í skráningarlandi skipsins og afrit sent til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar; er þetta háð almennu eftirliti lögbærs yfirvalds að höfðu þríhliða samráði milli þess yfirvalds og helstu samtaka útgerðarmanna og farmanna þar sem við á;

e. að tryggja að farmenn, sem ráðnir eru á skip sem skráð eru á yfirráðasvæði þess, séu nægilega hæfir eða þjálfaðir til þeirra starfa sem þeir eru ráðnir til, að teknu fullu tilliti til tilmæla um starfsþjálfun farmanna, 1970;

f. að staðfesta með rannsókn eða öðrum viðeigandi hætti að skip, sem skráð eru á yfirráðasvæði þess, framfylgi viðeigandi alþjóðavinnumálasamþykktum sem í gildi eru og það hefur fullgilt, þeim lögum og reglugerðum sem krafist er í a-lið þessarar greinar og, eftir því sem samrýmist landslögum, viðeigandi heildarsamningum;

g. að láta fara fram opinbera rannsókn á öllum alvarlegum sjóslysum er varða skip sem skráð eru á yfirráðasvæði þess, einkum þeim slysum sem hafa í för með sér meiðsli á mönnum eða líftjón; yfirleitt skal birta opinberlega niðurstöður slíkra rannsókna.

3. gr.

Sérhvert aðildarríki, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, skal svo sem unnt er fræða ríkisborgara sína um hugsanleg vandkvæði í sambandi við skráningu á skip sem skráð er í ríki sem ekki hefur fullgilt þessa samþykkt þar til það hefur fullvissað sig um að fullnægt sé kröfum er jafnist á við þær sem gerðar eru samkvæmt þessari samþykkt. Aðgerðir í þessu skyni, sem ríki er fullgilt hefur samþykktina framkvæmir, skulu ekki brjóta í bága við meginregluna um frjálsa för verkamanna sem kveðið er á um í samningum sem hin tvö hlutaðeigandi ríki kunna að vera aðilar að.

amongst that authority and the representative organisations of shipowners and seafarers where appropriate exist for the investigation of any complaint made in connection with and, if possible, at the time of the engagement in its territory of seafarers of its own nationality on ships registered in a foreign country, and that such complaint as well as any complaint made in connection with and, if possible, at the time of the engagement in its territory of foreign seafarers on ships registered in a foreign country, is promptly reported by its competent authority to the competent authority of the country in which the ship is registered, with a copy to the Director-General of the International Labour Office;

(e) to ensure that seafarers employed on ships registered in its territory are properly qualified or trained for the duties for which they are engaged, due regard being had to the Vocational Training (Seafarers) Recommendation, 1970;

(f) to verify by inspection or other appropriate means that ships registered in its territory comply with applicable international labour Conventions in force which it has ratified, with the laws and regulations required by subparagraph (a) of this Article and, as may be appropriate under national law, with applicable collective agreements;

(g) to hold an official inquiry into any serious marine casualty involving ships registered in its territory, particularly those involving injury and/or loss of life, the final report of such inquiry normally to be made public.

Article 3

Any Member which has ratified this Convention shall, in so far as practicable, advise its nationals on the possible problems of signing on a ship registered in a State which has not ratified the Convention, until it is satisfied that standards equivalent to those fixed by this Convention are being applied. Measures taken by the ratifying State to this effect shall not be in contradiction with the principle of free movement of workers stipulated by the treaties to which the two States concerned may be parties.

4. gr.

1. Nú kemur skip í höfn aðildarríkis, sem hefur fullgilt þessa samþykkt, í eðlilegum erindagerðum eða vegna starfsemi sinnar og ríkinu berst kæra eða fær sannanir fyrir því að skipið fullnægi ekki kröfum samkvæmt þessari samþykkt eftir að hún hefur öðlast gildi og getur ríkið þá gefið skýrslu til stjórnvalda skráningarlands skipsins og sent afrit af henni til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar; einnig getur það gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að bæta úr hverjum þeim aðstæðum um borð sem eru greinilega hættulegar með tilliti til öryggis eða heilbrigði.

2. Þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar skal aðildarríkið þegar í stað tilkynna þær næsta siglingamálafulltrúa, ræðismanni eða sendierindreka fánaríkisins og hafa slíkan fulltrúa viðstaddan ef unnt er. Eigi skal halda skipi eða tefja það umfram nauðsyn.
3. Að því er varðar þessa grein merkir „kæra" upplýsingar frá skipverja, starfsgreinarfélagi, félagi, stéttarfélagi eða almennt hverjum þeim sem hefur hagsmuna að gæta í sambandi við öryggi skipsins, þar á meðal varðandi öryggi eða hættu vegna heilsufars áhafnar þess.

5. gr.

1. Fullgilding þessarar samþykktar er heimil aðildarríkjum sem
   a. eru aðilar að alþjóðasamningi um öryggi mannslífa á sjó, 1960, eða alþjóðasamningi um öryggi mannslífa á sjó, 1974, eða hverjum síðari samningi um endurskoðun á þessum samningum; og

   b. eru aðilar að alþjóðasamningi um hleðslumerki skipa, 1966, eða hverjum síðari samningi um endurskoðun á þeim samningi; og
   c. eru aðilar að eða hafa framfylgt reglum til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1960, eða samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972, eða hverri síðari samþykkt um endurskoðun á þessum alþjóðlegu gerningum.

2. Fullgilding þessarar samþykktar er enn fremur heimil hverju því aðildarríki sem við fullgildingu skuldbindur sig til þess að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir fullgildingu í 1. mgr. þessarar greinar og ekki eru þegar uppfyllt.

Article 4

1. If a Member which has ratified this Convention and in whose port a ship calls in the normal course of its business or for operational reasons receives a complaint or obtains evidence that the ship does not conform to the standards of this Convention, after it has come into force, it may prepare a report addressed to the government of the country in which the ship is registered, with a copy to the Director-General of the International Labour Office, and may take measures necessary to rectify any conditions on board which are clearly hazardous to safety or health.
2. In taking such measures, the Member shall forthwith notify the nearest maritime, consular or diplomatic representative of the flag State and shall, if possible, have such representative present. It shall not unreasonably detain or delay the ship.
3. For the purpose of this Article, *complaint* means information submitted by a member of the crew, a professional body, an association, a trade union or, generally, any person with an interest in the safety of the ship, including an interest in safety or health hazards to its crew.

Article 5

1. This Convention is open to the ratification of Members which
   (a) are parties to the International Convention for the Safety of Life at Sea, 1960, or the International Convention for the Safety of Life at Sea, 1974, or any Convention subsequently revising these Conventions; and
   (b) are parties to the International Convention on Load Lines, 1966, or any Convention subsequently revising that Convention; and
   (c) are parties to, or have implemented the provisions of, the Regulations for Preventing Collisions at Sea of 1960, or the Convention on the International Regulations for Preventing Collisions at Sea, 1972, or any Convention subsequently revising these international instruments.
2. This Convention is further open to the ratification of any Member which, on ratification, undertakes to fulfil the requirements to which ratification is made subject by paragraph 1 of this Article and which are not yet satisfied.

3. Formleg skjöl um fullgildingu þessarar samþykktar skulu send framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skráningar.

6. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið framkvæmdastjóranum skrá fullgildingar sínar.
2. Hún öðlast gildi tólf mánuðum eftir þann dag er skráðar hafa verið fullgildingar a.m.k. tíu aðildarríkja sem samanlagt eiga 25% af kaupskipaflota heims miðað við brúttórúmlestatölu.
3. Þar eftir öðlast þessi samþykkt gildi að því er sérhvert aðildarríki varðar tólf mánuðum eftir þann dag er fullgilding þess hefur verið skráð.

7. gr.

1. Aðildarríki sem fullgilt hefur samþykkt þessa getur sagt henni upp að liðnum tíu árum frá fyrstu gildistöku hennar með tilkynningu sem skal send framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skráningar. Slík uppsögn öðlast ekki gildi fyrr en ár er liðið frá skráningardegi hennar.

2. Hvert það aðildarríki, sem fullgilt hefur samþykkt þessa en notfærir sér ekki innan árs frá lokum tíu ára tímabilsins sem um getur í undanfarandi málsgrein rétt þann til uppsagnar sem kveðið er á um í þessari grein, skal bundið af samþykktinni í annað tíu ára tímabil og getur síðan sagt henni upp að liðnu hverju tíu ára tímabili í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

8. gr.

1. Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal tilkynna öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um skráningu allra fullgildinga og uppsagna sem aðildarríki stofnunarinnar hafa sent honum.

2. Þegar framkvæmdarstjórinn tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar um skráningu annarrar fullgildingarinnar sem honum hefur borist skal hann vekja athygli þeirra á því hvaða dag samþykktin öðlast gildi.

3. The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

Article 6

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organisation whose ratifications have been registered with the Director-General.
2. It shall come into force twelve months after the date on which there have been registered ratifications by at least ten Members with a total share in world shipping gross tonnage of 25 per cent.
3. Thereafter, this Convention shall come into force for any Member twelve months after the date on which its ratification has been registered.

Article 7

1. A Member which has ratified this Convention may denounce it after the expiration of ten years from the date on which the Convention first comes into force, by an Act communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration. Such denunciation should not take effect until one year after the date on which it is registered.
2. Each Member which has ratified this Convention and which does not, within the year following the expiration of the period of ten years mentioned in the preceding paragraph, exercise the right of denunciation provided for in this Article, will be bound for another period of ten years and, thereafter, may denounce this Convention at the expiration of each period of ten years under the terms provided for in this Article.

Article 8

1. The Director-General of the International Labour Office shall notify all Members of the International Labour Organisation of the registration of all ratifications and denunciations communicated to him by the Members of the Organisation.
2. When notifying the Members of the Organisation of the registration of the second ratification communicated to him, the Director-General shall draw the attention of the Members of the Organisation to the date upon which the Convention will come into force.

9. gr.

Framkvæmdastjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skal senda aðalframkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna til skráningar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna allar upplýsingar um fullgildingar og uppsagnir sem hann hefur skráð í samræmi við ákvæði undanfarandi greina.

Article 9

The Director-General of the International Labour Office shall communicate to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations full particulars of all ratifications and acts of denunciation registered by him in accordance with the provisions of the preceding Articles.

10. gr.

Þegar stjórnarnefnd Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar kann að álíta það nauðsynlegt skal hún leggja fyrir allsherjarþing stofnunarinnar skýrslu um framkvæmd þessarar samþykktar og athuga jafnframt hvort æskilegt sé að setja á dagskrá þingsins endurskoðun hennar í heild eða að hluta.

Article 10

At such times as may consider necessary the Governing Body of the International Labour Office shall present to the General Conference a report on the working of this Convention and shall examine the desirability of placing on the agenda of the Conference the question of its revision in whole or in part.

11. gr.

1. Ef þingið gerir nýja samþykkt sem felur í sér endurskoðun þessarar samþykktar í heild eða að hluta og sú samþykkt mælir ekki fyrir á annan veg skal:
   a. fullgilding aðildarríkis á hinni nýju endurskoðuðu samþykkt lögum samkvæmt hafa í för með sér tafarlausa uppsögn þessarar samþykktar, hvað sem ákvæðum 7. gr. hér að framan líður, ef og þegar hin nýja samþykkt öðlast gildi;

   b. aðildarríkjum ekki heimilt að fullgilda þessa samþykkt eftir að hin nýja endurskoðaða samþykkt öðlast gildi.

2. Þessi samþykkt skal, hvað sem öðru líður, halda gildi sínu eins og hún er að formi og efni að því er varðar þau aðildarríki sem hafa fullgilt hana en ekki hina nýju endurskoðuðu samþykkt.

Article 11

1. Should the Conference adopt a new Convention revising this Convention in whole or in part, then, unless the new Convention otherwise provides:
   a) the ratification by a Member of the new revising Convention shall ipso jure involve the immediate denunciation of this Convention, notwithstanding the provisions of Article 7 above, if and when the new revising Convention shall have come into force;
   b) as from the date when the new revising Convention comes into force this Convention shall cease to be open to ratification by the Members.
2. This Convention shall in any case remain in force in its actual form and content for those Members which have ratified it but have not ratified the revising Convention.

12. gr.

Hinn enski og franski texti þessarar samþykktar eru jafngildir.

Article 12

The English and French versions of the text of this Convention are equally authoritative.

VIÐAUKI

Viðbætir.

Samþykkt nr. 138 um lágmarksaldur, 1973, eða
Samþykkt nr. 58 um lágmarksaldur við sjómennsku (endurskoðuð 1936), eða
Samþykkt nr. 7 um lágmarksaldur við sjómennsku, 1920;

ANNEX

Appendix

Minimum Age Convention, 1973 (No. 138), or
Minimum Age (Sea) Convention (Revised), 1936 (No. 58), or
Minimum Age (Sea) Convention, 1920 (No. 7);

Samþykkt nr. 55 um skyldur útgerðar við sjúka eða slasaða farmenn, 1936, eða
Samþykkt nr. 56 um sjúkratryggingar farmanna, 1936, eða
Samþykkt nr. 130 um læknishjálp og sjúkrabætur, 1969;
Samþykkt nr. 73 um læknisskoðun farmanna, 1946;
Samþykkt nr. 134 um slysavarnir farmanna, 1970, (4. og 7. gr.);
Samþykkt nr. 92 um vistarverur farmanna (endurskoðuð 1949);
Samþykkt nr. 68 um fæði og þjónustu skipshafna, 1946 (5. gr.);
Samþykkt nr. 53 um hæfnisskírteini farmanna, 1936 (3. og 4. gr.);
(Athugasemd: Í tilvikum þar sem gildandi leyfisveitingarkerfi eða fyrirkomulag varðandi skírteini í ríki yrði stefnt í hættu vegna vandamála sem upp kæmu við stranga framfylgd viðeigandi reglna samþykktarinnar um hæfnisskírteini farmanna, 1936 skal beita meginreglunni um efnislegt jafngildi til þess að ekki komi upp ósamræmi við gildandi fyrirkomulag viðkomandi ríkis varðandi skírteini.)
Samþykkt nr. 22 um skiprúmssamninga farmanna, 1926;
Samþykkt nr. 23 um heimsendingu farmanna, 1926;
Samþykkt nr. 87 um félagafrelsi og verndun þess, 1948;

Samþykkt nr. 98 um réttinn til að stofna félög og semja sameiginlega, 1949.

Shipowners' Liability (Sick and Injured Seamen) Convention, 1936 (No. 55), or
Sickness Insurance (Sea) Convention, 1936 (No. 56), or
Medical Care and Sickness Benefits Convention, 1969 (No. 130);
Medical Examination (Seafarers) Convention, 1946 (No. 73);
Prevention of Accidents (Seafarers) Convention, 1970 (No. 134) (Articles 4 and 7);
Accommodation of Crews Convention (Revised), 1949 (No. 92);
Food and Catering (Ships' Crews) Convention, 1946 (No. 68) (Article 5);
Officers' Competency Certificates Convention, 1936 (No. 53) (Articles 3 and 4);
(Note: In cases where the established licensing system or certification structure of a State would be prejudiced by problems arising from strict adherence to the relevant standards of the Officers' Competency Certificates Convention, 1936, the principle of substantial equivalence shall be applied so that there will be no conflict with that State's established arrangements for certification.)

Seamen's Articles of Agreement Convention, 1926 (No. 22);
Repatriation of Seamen Convention, 1926 (No. 23);
Freedom of Association and Protection of the Right to Organise Convention, 1948 (No. 87);
Right to Organise and Collective Bargaining Convention, 1949 (No. 98).

Nr. 11 8. júní 1999

AUGLÝSING

um Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum.

Hinn 25. maí 1999 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðahugverkastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna 1.–21. gr. Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum sem gerður var í París 24. júlí 1971 og viðaukans við hann, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1984 um aðra hluta sáttmálans. Greinarnar og viðaukinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 25. ágúst 1999.

Greinarnar og viðaukinn eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 8. júní 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.